

161

7. sept.

AUGLÝSING

um breyting á flokkunarreglum og skrá yfir fasteignaiðgjöld Brunabótafélags Íslands, nr. 166 7. október 1949.

1. gr.

II. kafli, iðgjaldaskrá, breytist svo:

1. Almenn iðgjöld.

I. flokkur.	Iðgjöld verði óbreytt.
II. flokkur.	A. 3 ‰ verði 2.25‰
	B. 2.4‰ — 1.8 ‰
	C. 2.5‰ — 1.8 ‰
III. flokkur.	A. 5 ‰ verði 4 ‰
	B. 4 ‰ — 3.2 ‰
	C. 2.5‰ — 2.5 ‰
IV. flokkur.	A. 7 ‰ verði 6 ‰
	B. 5.6‰ — 4.8 ‰
	C. 2.5‰ — 2.5 ‰

2. Sérstök iðgjöld.

lækki í öllum flokkum um 5‰.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi frá og með 15. október 1953.

Iðgjaldaskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

162

8. sept.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungnahreppi, er liggja sunnan Hvítár í Árnassýslu.

I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Um afrétti.

Þeir eiga afrétt, sem að fornu hafa átt. Afréttur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-Laxár, afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár, afréttur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa- og Skeiðahreppa er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafaréttur.